

## **157. fundur** í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 10.10.2023 kl. 16.30

**Mætt:** Sigursveinn Sigurðsson formaður, Hulda Kristjánsdóttir, Gils Einarsson og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Valdimar Hafsteinsson og Magðalena Jónsdóttir fjarverandi.

### **1. Námsframboð haustannar**

Framkvæmdastjóri fór yfir fjölbreytt námsframboð haustannar. Í boði eru fjölmörg námskeið í virkniúrræðum, fyrirtækjaþjónustu og íslenskunámskeiðum. Sú nýjung er varðandi íslenskunámskeiðin að bjóða upp á morgunhóp á Selfossi. Einnig eru fjölbreyttar námbrautir FA í boði á haustönn. Stefdir í að 18 námskeið verði í boði fyrir fatlað fólk á önninni.

Gjaldskrár voru endurskoðaðar í upphafi annar og hækkaðar aðeins varðandi íslenskunámskeiðin, fyrirtækjaþjónustuna og virkniúrræðin.

### **2. Starfsstöðin í Vík**

Óljóst er með aðgang Fræðslunetsins að leigðri skrifstofu á Vík. Ekki hefur verið starfsmaður starfandi þar á vegum Fræðslunetsins frá því í maí 2022. Stjórn ákvað síðasta haust að bíða með að auglýsa starfið vegna óvissu en framkvæmdastjóri átti samtalið við sveitarstjóra í Mýrdalshreppi þar sem hugmynd var um að deila mögulega starfsmanni. Ekki er komin niðurstaða í það samtal. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga eftir að fá formlegt svar frá sveitarstjóra í Mýrdalshreppi varðandi húsnæði ásamt möguleika á sameiginlegum starfsmanni.

### **3. Starfsmannamál**

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu í starfsmannamálum.

### **4. Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands**

Háskólafélag Suðurlands sendi bréf í vor og óskaði eftir fundi með stjórn Fræðslunetsins vegna samtals um mögulega sameiningu félaganna. Gils las upp minnispunkta í umboði stéttarfélaganna sem standa að Fræðslunetinu. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað vegna málsins.

Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að afla gagna um hugsanlegan ávinning sameiningar við Háskólafélagið áður en farið er á fund vegna málsins. Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn fyrir næsta stjórnarfund. Formaður stjórnar mun hafa samband við framkvæmdastjóra Háskólafélagsins og til að upplýsa um stöðu mála.

### **5. Önnur mál**

- a. Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18.15

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*